



Íslandssjóðir hf. – Ársuppgjör 2011

Stjórn Íslandssjóða hf. sem rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði hefur staðfest ársreikning félagsins fyrir árið 2011.

Afkoma Íslandssjóða hf. árið 2011

- Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Íslandssjóða hf. og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2011 nam 247 m.kr. samanborið við 258 m.kr. árið 2010.
- Hreinar rekstrartekjur námu 1.139 m.kr. samanborið við 1.015 m.kr. árið áður.
- Rekstrargjöld námu 830 m.kr. samanborið við 699 m.kr. árið áður.
- Heildareignir félagsins námu 2.854 m.kr. í árslok 2011 en voru 2.986 m.kr. í ársbyrjun.
- Eigið fé í árslok 2011 nam 1.741 m.kr. en var 1.559 m.kr. í ársbyrjun.
- Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 167,8% í árslok 2011 en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Í lok desember 2011 voru 17 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 112.890 milljónum króna. Einn sjóður sem er skráður í Lúxemborg er í stýringu félagsins.
- Hagnaður færður á hlutdeildarskírteini eigenda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða var 8.759 m.kr. árið 2011 samanborið við hagnað uppá 10.547 m.kr. árið 2010.
- Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á viðskipta- og vöruþróun, og hefur verðbréfasjóðum sem fyrirtækið rekur fjölgað. Nýjum sjóðum félagsins hefur verið mjög vel tekið, en vel yfir 10 þúsund fjárfestar eiga hlutdeildarskírteini í sjóðum Íslandssjóða. Tveir nýir sjóðir voru stofnaðir á árinu, Eignasafn – Ríki og sjóðir og Skuldabréfasafn Íslandssjóða. Á árinu 2012 verður haldið áfram að leita nýrra viðskiptatækifæra.
- Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af Deloitte hf. sem telur að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2011.
- Í lok desember 2011 störfuðu 14 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdastjóri félagsins er Agla Elísabet Hendriksdóttir.

Lykiltölur í m.kr.

	2011	2010
Hreinar rekstrartekjur	1.139	1.015
Rekstrargjöld	830	699
Hagnaður fyrir skatta	309	316
Hagnaður eftir skatta	247	258
Eigið fé 31.12	1.741	1.559

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrir árið 2011

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini árið 2011 nam 8.468 m.kr., samanborið við 10.520 m.kr. hagnað árið 2010.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða í árslok 2011 nam 106.009 m.kr. samanborið við 112.642 m.kr. árið 2010.



Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.107	(17)	4.809	(46)
Hrein eign í lok tímabils	33.796	209	42.089	633

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	498	360	17	8
Hrein eign í lok tímabils	16.006	10.402	287	197

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	(86)	(133)	(17)	(32)	8.468
Hrein eign í lok tímabils	823	1.275	102	190	106.009

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrir árið 2011

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskýrteini árið 2011 nam 291 m.kr. samanborið við 27 m.kr. hagnað árið 2010.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða árslok 2011 nam 6.881 m.kr. samanborið við 2.965 m.kr. árið 2010.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	Úrval innl. hlbr. - Sjóður 10	Skuldabréfa- safn	Sjóður 9.1 EUR	Sjóður 9.3 USD	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) ársins	172	95	36	(25)	14	292
Hrein eign í árslok	3.756	1.436	1.162	109	418	6.881

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi hjá Íslandssjóðum hf. Kirkjusandi 2, 4. hæð og hjá VÍB - Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, einnig á heimasíðu félagsins: www.islandssjodir.is frá og með 14. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar um ársreikning Íslandssjóða hf. veitir Agla Elísabet Hendriksdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440-4917.